



Minnisblað

Móttakandi: Fagráð um símenntun og starfspróun kennara

Dags.: 28. apríl 2015

Sendandi: Klara E. Finnbogadóttir

Málsnr.: 1212031SA
Málalykill: 340

Efni: Svör við fyrirspurn fagráðs um símenntun og starfspróun kennara

Fulltrúar hagsmunaaðila í fagráði um símenntun og starfspróun kennara fengu senda fyrirspurn frá starfsmanni fagráðs, dags. 12. febrúar 2015, þar sem óskað er eftir afstöðu hagsmunaaðila til þess hvernig þeir sjái hlutverk sitt, ábyrgð og skyldur þegar kemur að símenntun og starfspróun kennara og skólastjórnenda. Í áðurnefndu bréfi eru átta spurningar sem hagsmunaaðilar eru beðnir um að svara ásamt tveimur spurningum sem talið er æskilegt að fjallað verði um í svarbréfi hagsmunaaðila. Spurningarnar eru því 10 í heildina.

Skólateymi sambandsins svaraði spurningunum á fundi sínum í lok mars og leitaði umsagnar hjá fulltrúum sambandsins í fagráði um símenntun og starfspróun kennara. Í lokin eru dregin saman hlutverk, ábyrgð og skyldur Sambands íslenskra sveitarfélaga á símenntun og starfspróun kennara, skólastjórnenda og annarra starfsmanna skóla annars vegar og sveitarfélaga hins vegar, sem unnið var á vinnufundi skólateymis sambandsins og skólamálanefndar í janúar 2014.

Rétt er að benda á að sambandið er hagsmunagæsluaðili sveitarfélaga en tekur hvorki ákvarðanir varðandi stefnumótun þeirra í einstaka málaflokkum né hefur boðvald yfir þeim. Á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldin eru árlega, fer fram stefnumörkun fyrir sambandið og vinna sveitarfélög að henni hvert með sínum leiðum og áherslum. Til að fá nákvæmari svör við þeim spurningum sem settar eru fram þyrfti fagráð um símenntun og starfspróun kennara að óska eftir svörum hvers sveitarfélags.

Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014–2018 var mótuð á XXVIII. landsþingi sambandsins sem haldið var á Akureyri 24.-26. september 2014 og var samþykkt í stjórn sambandsins 21. nóvember 2014. Hana má finna á heimasíðu sambandsins, <http://www.samband.is/um-okkur/saga-sambandsins/stefnumorkun-sambands-islenskra-sveitarfelaga/stefnumorkun-sambandsins-2014-2018/>.

1. Stefna, hvað varðar símenntun og starfspróun kennara og skólastjórnenda

Sveitarfélög hafa margþættu hlutverki og skyldum að gegna þegar kemur að símenntun og starfspróun kennara, skólastjórnenda og annars starfsfólks leik- og grunnskóla. Bæði eru það lagalegar- og kjarasamningsbundar skyldur. Er gerð ágæt grein fyrir þessum skyldum í skýrslu Rannsóknar- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri (RHA), *Starfspróun kennara – Greining á sjóðaumhverfi*, sem unnin var að beiðni fagráðs um símenntun og starfspróun kennara og kom út í byrjun árs 2015. Sveitarfélög hafa einnig

skyldur gagnvart tónlistarskólum í gegnum kjarasamninga en þær eru ekki eins ítarlegar.

Í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014–2018 segir í gr. 3.3.14:

Sambandið skal vinna að því að starfsþróun kennara, stjórnenda og annarra starfsmanna skóla verði forgangsverkefni. Huga þarf sérstaklega að því að efla fagmenntun starfsfólks leikskóla með fjölbreyttum námsleiðum og áfangaskiptingu leikskólakennaranáms. Unnið verði að því að miðla upplýsingum til sveitarfélaga og starfsfólks skóla um mismunandi leiðir til starfsþróunar. Áfram verði unnið að því að kjarasamningar styðji við framþróun, sveigjanleika og nýbreytni í skólastarfi.

Tengingu við símenntun og starfsþróun kennara, stjórnenda og annarra starfsmanna skóla má finna í öðrum greinum stefnumörkunarinnar um fræðslu- og uppeldismál (kafla 3.3).

Sambandið fylgir þessu eftir með fjölbreyttum hætti t.d. með þátttöku í ýmsum nefndum, ráðum og starfshópum sem tengja má símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda og setu í stjórnnum sjóða er styrkja starfsþróun. Áhersla sambandsins á símenntun og starfsþróun er fyrir sveitarstjórnarfolk, starfsmenn skólaskrifstofa og skólastjórnendur.

Hér eru rakin nokkur dæmi sem sambandið stendur fyrir eða er þátttakandi að. Listinn er ekki tæmandi.

- Fjórtíu hvert ár (eftir sveitarstjórnakosningar) skipuleggur sambandið og heldur námskeið fyrir nýjar skólanefndir og sveitarstjórnarmenn.
- Skólalöng sveitarfélaga er haldið annað hvert ár á móti málþingum sambandsins um skólamál.
- Sambandið hefur lagt á það áherslu að efla samráð og samstarf við Skólastjórafélag Íslands m.a. með sameiginlegum námskeiðum fyrir skólastjórnendur og starfsfólk skólaskrifstofa. Félag stjórnenda leikskóla hefur einnig komið að því.
- Viljayfirlýsing um faglegt samstarf menntavísindasviðs og sambandsins var undirritað á fyrsta fundi nýrrar stjórnar sambandsins í október 2014. Felur það m.a. í sér að haldnir verða tveir formlegir samráðsfundir á ári hverju. Stefnt er að því að gera sambærilegt samkomulag við Háskólann á Akureyri.
- Þátttaka í vinnu á grundvelli bókana með kjarasamningum við aðildarfélög Kennarasambands Íslands m.a. um að draga úr neikvæðum áhrifum hávaða í skólum. Sambandið og KÍ sendu m.a. bréf til kennaramenntunarstofnana þar sem athygli var vakin á mikilvægi raddar, raddbeitingar og raddverndar í grunnnámi kennaranema og í endurmenntun starfandi kennara. Sambandið og KÍ gáfu einnig út fræðsluritið *Kennsluumhverfið – hlúum að rödd og hlustun*, í samstarfi við Valdísi Jónsdóttur, radd- og talmeinafræðing, . <http://www.samband.is/media/skolamal/Handbok-Kennsluumhverfid--hluum-ad-rodd-og-hlustun.pdf>.

•

- Í kjarasamningi FG og SNS sem undirritaður var í maí 2014 er kafli um nýtt vinnumat kennara. Skipuð var verkefnisstjórn sem hafði yfirumsjón með gerð leiðarvísis um vinnumat með fulltrúum samningsaðila. Í því skyni er unnið að innleiðingu vinnumats í samstarfi við SÍ og sveitarfélögin með áherslu á starfsþróun stjórnenda (skólastjórnenda, fræðslustjóra og annarra sem koma að vinnumatinu).
- Samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Kennarasamband Íslands um námskeið til að styðja við innleiðingu aðalnámskrár leik- og grunnskóla.
- Samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið, Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla um eflingu leikskólastigsins með það að markmiði að fjölga þeim einstaklingum sem sækja um leikskólakennaranám og stuðla þannig að nauðsynlegri nýliðun meðal leikskólakennara og hækka menntunarstig starfsmanna leikskóla. Sambandið sendi framkvæmdastjórum sveitarfélaga bréf í byrjun desember 2014 þar sem sveitarfélög eru hvött til að gera sérstakt átak í að hvetja starfsfólk í leikskólum til að afla sér viðbótarmenntunar og auka svigrúm leikskólastjóra til hvatningar og stuðnings við starfsfólk þeirra til náms.
- Samstarf við Samtök iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytið um GERT-verkefnið, *Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni*. Þar er áhersla lögð á að efla tengsl skóla og atvinnulífs í nærumhverfinu með það að markmiði að efla áhuga á raunvísindum og tækni.
- Þátttaka í samráðshópi um MenntaMiðju sem hýsir m.a. Tungumálatorg, Náttúrutorg, Sérkennslutorg, Upplýsingatorg og heimasíðu GERT-verkefnisins.
- Þátttaka á vor- og haustfundum Grunns, félags fræðslustjóra og stjórnenda á skólaskrifstofum. Grunnur er mikilvægur samráðsvettvangur sérfræðinga sambandsins og skólaskrifstofa. Fundirnir eru þýðingarmiklir til þess að efla samskipti sambandsins og sveitarfélaganna í málefnum skóla og menntunar, þar á meðal símenntunar og starfsþróunar. Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara var kynnt á vorkundi Grunns 2014.
- „Náum áttum“ er fræðslu og forvarnahópur sem skipuleggur morgunverðarfundi um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna. Í hópnum eiga sæti fulltrúar nokkurra stofnana og félagasamtaka, sambandið þar á meðal.
- Samband íslenskra sveitarfélaga á fjóra fulltrúa í fagráði um símenntun og starfsþróun k Samband íslenskra sveitarfélaga á tvo fulltrúa í stjórn Vonarsjóðs FG og SÍ, tvo fulltrúa í stjórn Vísindasjóðs FL og FSL, tvo fulltrúa í Starfsmennuntarsjóði tónlistarskólakennara, einn fulltrúa í stjórn Sprotasjóðs og þrjá fulltrúa í stjórn Námsleyfasjóðs sem jafnframt fer með málefni Endurmenntunarsjóðs grunnskóla.
- Starfsmaður Námsleyfasjóðs óskar eftir ábendingum skólamálanefndar sambandsins vegna áherslna í Námsleyfasjóði og Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Starfsmaður gerir jafnfram grein fyrir úthlutun að henni lokinni í skólamálanefnd. ennara, þar af einn í fimm manna stýrihópi.

2. Skipulag starfsþróunar

Skipulag starfsþróunar er í höndum hvers sveitarfélags og/eða skóla á grundvelli laga, skólastefnu sveitarfélags og starfsþróunaráætla. Á upplýsingavef sambandsins má finna leiðbeiningar um mótun skólastefnu sveitarfélga og handbók um gerð og innleiðingu skólastefnu sveitarfélaga <http://www.samband.is/verkefniin/skolamal/stefnumotun/>.

Skólamálafulltrúi sambandsins, með aðstoð skólateymis, hefur umsjón með skipulagningu námskeiða sem sambandið skipuleggur með eða án hagsmunaðila.

Í lögum um leik- og grunnskóla er kveðið á um frumkvæði skólastjórnenda um mótun áætla um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað. Símenntunaráætlanir þurfa að vera í samræmi við stefnu skóla, sveitarfélags og aðalnámskrár/skólanámsskrár. Símenntunaráætlanir eiga einnig að styðja við umbótaáætlanir skóla. Sveitarfélög hafa almennt sett sér stefnu í starfsþróunarmálum s.s. með tilliti til kjarasamninga og þá er meðal annars tiltekið hvaða sveigjanleiki er í boði fyrir starfsmenn til að nýta sér starfsþróunarmöguleika.

3. Ólíkar aðstæður skóla (sveitarfélaga) og ólíkar aðstæður kennara eftir búsetu

Sambandið reynir eftir fremsta megni að hafa námskeið á þess vegum eða hefur aðkomu að í flestum landshlutum. Reynt er að streyma einum fundi sem síðan er gerður aðgengilegur á vef sambandsins.

4. Stjórn málefna starfsþróunar og stefnumótun af hálfu þess hagsmunaaðila sem svarar þessu, en einnig um aðild annarra

Hvert sveitarfélag og/eða skóli ber ábyrgð á málefnum starfsþróunar og stefnumótunar. Sambandið hefur ekki upplýsingar um stjórnun þessara málefna í einstökum sveitarfélögum eða aðild annarra hagsmunaaðila að henni.

Sjá einnig svar við spurningu tvö.

5. Mismunandi hópar kennara (námsgreinar, skólastig og fleira)

Sambandið hefur ekki forsendur til að svara þessari spurningu.

6. Innihald og form starfsþróunar eða símenntunar, á hvaða þætti ber að leggja áherslu varðandi hvorn þessara þátta fyrir sig

Markmið starfsþróunar ætti að vera að auka tækifæri kennara, skólastjórnenda og annarra starfsmanna skóla til faglegrar starfsþróunar og styðja sem mest við framþróun í skólastarfi. Starfsþróun þarf að beinast að því að efla og styrkja faglegt starf skóla eða fræðsluumdæmis, með það að markmiði að bæta námsárangur nemenda. Það verður ekki gert nema með því að efla og styrkja fagmennsku stjórnenda og starfsmanna og að þeir viðhaldi og auki sérfræðiþekkingu sína á sviði náms og kennslu. Starfsþróun þarf að vera

órjúfanlegur þáttur í starfi skóla. Til þess að svo verði þarf að tryggja bjargir s.s. tíma, skipulag, fjármagn og aðstöðu.

Sambandið leggur áherslu á að starfsþróun fari fram með fjölbreyttum hætti eins og fram kemur í skilgreiningu fagráðs á hugtakinu *starfsþróun*.

Áhersla þarf að vera á það sem mest þörf er á hverju sinni, staðbundin, rafræn, aðstæðubundin, einstaklingsbundin og í hóp.

7. Samstarf við aðra hagsmunaaðila, þ.e. hvaða fyrirkomulag samráðs er farsælast til þess að efla þennan þátt í þróun skólustarfs

Í svari við spurningu eitt er rakið samstarf sem sambandið á við ólíka aðila varðandi símenntun og starfsþróun kennara og skólustjórnenda.

Að mati sambandsins er samvinna og samstarf hagsmunaaðila farsæl leið. Samstarf háskólastofnana og sveitarfélaga skiptir miklu máli. Vísir að því er samstarf Akureyrarkaupstaðar við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri og Reykjavíkurborgar við Menntasvísindasvið Háskóla Íslands. Slíkt samstarf ætti að vera til eftirbreytni fyrir önnur sveitarfélög. Þá skiptir samvinna og samstarf sveitarfélaga miklu máli, til dæmis í gegnum landshlutasamtökin. Má þar nefna vinnu samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), *Skólar og menntun í fremstu röð*, sem fyrirmynd.

Sambandið taldi samstarfið á vettvangi fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara vera farsæla leið til að efla símenntun og starfsþróun í skólustarfi. Líklega er tilefni til að endurskoða hvort þetta fyrirkomulag fagráðs eins og það starfar í dag sé skilvirkasta leiðin til að ná árangri á þessum vettvangi og er þeim vangaveltum beint til stýrihóps fagráðsins.

Sambandið er í samstarfi við Kennarasamband Íslands vegna sjóða sem KÍ varðveitir og fer með umsýslu með og á það einnig við um Námsleyfasjóð og Endurmenntunarsjóð grunnskóla. Sambandið er í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna Sprotasjóðs.

Sjá nánar svar við spurningu eitt.

8. Fjármál

Í kjarasamningum sambandsins við aðildarfélög KÍ kemur fram hversu háa upphæð launagreiðandi ber að greiða í ákveðna sjóði. Upphæðin er ákveðið hlutfall af dagvinnulaunum félagsmanna, eða 1,72% í starfsþróunarsjóði og 0,1% af heildarlaunum félagsmanna í nýjan sjóð sem ákveðinn var í samningum vorið 2014 (sbr. bókun 1) og voru fjármunirnar hugsaðir til að efla símenntun og starfsþróun félagsmanna. FL og FSL hafa tekið ákvörðun um að nýta eigi fjármunina í sérstakan fræðslusjóð en þegar þetta er ritað hafa FG, SÍ og FT ekki tekið ákvörðun um nýtingu fjármunanna. FL mun styrkja leiðbeinendur með aðra menntun á háskólastigi til að sækja sér viðbótarmenntunar í leikskólakennarafræðum. FL samdi einnig um að 0,25% af 0,5% sem áður var greitt í orlofsjóð renni í þennan starfsþróunarsjóð leiðbeinenda í FL.

Heildarkostnaður sveitarfélaga árið 2014 vegna styrkja í starfsþróunarsjóði aðildarfélaga KÍ (Vísindasjóður FL og FSL, Vonarsjóður FG og SÍ,

Starfsmenntunarsjóður tónlistarskólakennara (FT) var 677.764.963 kr., sjá sundurliðun í töflu 1 (upplýsingar fengnar frá Hannesi Þorsteinssyni, skrifstofustjóra KÍ).

Tafla 1: Yfirlit yfir greiðslur sveitarfélaga í starfsþróunarsjóði aðildarfélaga KÍ, 2014.

Starfsþróunarsjóðir	0,72%
Vonarsjóður (FG, SÍ)	460.795.000
Vísindasjóður (FL, FSL)	183.985.000
Starfsmenntunarsjóður tónlistaskólakennara (FT)	32.984.963
Samtals	677.764.963

Við undirritun kjarasamninga 2014 áttu sveitarfélög að greiða 0,1% af heildarlaunum félagsmanna KÍ. Misvel hefur gengið að innheimta þetta fjármagn frá launagreiðendum og voru margir seinir af stað. Heildarkostnaður sveitarfélaga vegna þessa liggur því ekki fyrir en þau greiddu 16.306.844 árið 2014, sjá sundurliðun í töflu 2 (upplýsingar fengnar frá Hannesi Þorsteinssyni, skrifstofustjóra KÍ). Bent skal á að fjárhæðirnar ættu að vera hærrí þar sem aðeins er um hluta ársins að ræða (frá undirritun kjarasamninga) og ekki náðist að innheimta fullt gjald fyrir árið 2014. KÍ stendur í innheimtuaðgerðum vegna þessa og er ógreiddur hluti sveitarfélaga fyrir árið 2014, 9.767.162 kr.

Tafla 2: Yfirlit yfir greiðslur sveitarfélaga vegna 0,1% iðgjalda sbr. nýr sjóður í kjarasamningum frá 2014 (bókun 1).

Aðildarfélög	0,1% sjóður
Félag leikskólakennara (FL)	3.315.401
Félag stjórnenda leikskóla (FSL)	422.045
Skólastjórafélag Íslands (SÍ)	1.720.925
Félag grunnskólakennara (FG)	10.649.110
Félag tónlistarskólakennara (FT)	199.363
Samtals	16.306.844

Í kjarasamningi SNS og KÍ vegna FG er kveðið á um 150 klst. til starfsþróunar og aukins undirbúnings, sbr. gr. 10.2, þó þannig að orlofsréttur kennara hefur áhrif á þann tíma sem verja skal til starfsþróunar og undirbúnings. Kennarar eldri en 30 ára ná í meðalári 126 klst. en þeir sem eru 38 ára og eldri ná 102 klst. í meðalári. Launakostnaður vegna þessara tíma var um 1.630 m.kr. árið 2014 (sjá útreikninga í fylgiskjali).

Fjármagn í Námsleyfasjóð kennara og skólastjórnenda grunnskóla samanstendur af framlagi sveitarfélaga. Námsleyfasjóður starfar á grundvelli bráðabirgðaákvæðis II við lög um grunnskóla nr. 91/2008 og er þar kveðið á um að sveitarfélög skuli greiða 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sérstakan sjóð sem greiðir laun kennara og skólastjórnenda vegna

námsleyfa allt að einu ári. Framlög sveitarfélaga í Námsleyfasjóð árið 2014 voru 236.124.892 m.kr.

Endurmenntunarsjóður grunnskóla starfar einnig á grundvelli bráðabirgðaákvæðis II við lög um grunnskóla. Framlög í sjóðinn voru ákveðin á fjárlögum til ársins 2012. Í árslok 2011 var samið um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem fól m.a. í sér að fjármögnun Endurmenntunarsjóðs grunnskóla fluttist til sveitarfélaga. Árin 2012, 2013 og 2014 komu greiðslur til sjóðsins því frá Jöfnunarsjóði, sem var falið að innheimta hlutdeild hvers sveitarfélags. Framlög sveitarfélaga í Endurmenntunarsjóð grunnskóla árið 2014 voru 44,6 m.kr.

Hér að ofan hefur verið gerð grein fyrir útlögðum kostnaði sveitarfélaga árið 2014 vegna símenntunar og starfsþróunar kennara og skólastjórnenda sem kveðið er á um í lögum og/eða kjarasamningum. Heildar kostnaðurinn er ríflega 2,6 millj.kr., sjá sundurgreiningu í töflu 3. Þessu til viðbótar má benda á að kennarar og skólastjórnendur fá launahækkun vegna starfsþróunar samkvæmt kjarasamningum og hefur kostnaður vegna þess ekki verið metinn. Í þessari tölu er ekki heldur samkomulag FL, um að 0,25% af 0,5% sem áður var greitt í orlofssjóð renni í nýjan starfsþróunarsjóð leiðbeinenda í FL, kostnaðarmetið.

Tafla 3: Útlagður kostnaður sveitarfélaga til símenntunar og starfsþróunar kennara og skólastjóra árið 2014.

Greiðslur sveitarfélaga	Framlag
Starfsþróunarsjóðir	677.764.963
0,1% sjóður	16.306.844
Launakostnaður v. 150 tíma FG	1.630.000.000
Námsleyfasjóður	236.124.892
Endurmenntunarsjóður grunnskóla	44.600.000
Samtals	2.604.796.699

Eins og fram kemur í skýrslu RHA um greiningu á sjóðaumhverfi koma mörg sveitarfélög að starfsþróun með beinum hætti með því að verja fjármagni til starfsþróunar umfram lagaákvæði eða samningsbundnar skyldur. Umfjöllun um stuðning sveitarfélaga við starfsþróun er hins vegar snúin og eru upplýsingar um umfangið og fjármagnið óaðgengilegar. Ekki liggur heldur alltaf ljóst fyrir hvað átt er við með fjármagni sveitarfélaga, er t.d. átt við laun starfsmanna, aðstöðu, aðkeypta þjónustu, styrki t.d. vegna ferða, bókakaupa eða námskeiðsgjalda, eða afleysingar vegna fjarveru kennara sem fara á námskeið, sækja sér menntun eða eru í verknámi. Einhver sveitarfélög hafa farið þá leið að vera með eigin starfsþróunarsjóði sem starfsfólk eða skólar sveitarfélagsins geta sótt í. Í skýrslu RHA var haft samband við nokkur sveitarfélög víðsvegar á landinu og aflað upplýsinga um þessi mál. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um stöðu mála en til að fá heildarmynd af þessum stuðningi, í hverju hann er fólgin og hversu miklum fjármunum er varið, þyrfti fagræð um símenntun og starfsþróun kennara að senda fyrirspurn til hvers sveitarfélags.

Hér eru rakin nokkur dæmi um stuðning sveitarfélaga við starfsþróun í leikskólum. Upptalningin er ekki tæmandi.

- **Kópavogsbær:** Í maí 2013 skipaði leikskólanefnd Kópavogs vinnuhóp sem hafði það hlutverk að leita leiða til að fjölga leikskólakennurum í Kópavogi. Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti tillögur vinnuhópsins, sem voru í nokkrum liðum, á fundi sínum í maí 2014. Samþykktin tók strax gildi með viðbótarfjárheimild til leikskólanna. Er sveitarfélagið þar með að auka við það sem áður var gert og formgera betur. Skólaárið 2014-2015 stunda 25 starfsmenn í 19 leikskólum Kópavogsbæjar nám í leikskólakennarafræðum.
- **Sveitarfélagið Ölfus.** Í Sveitarfélaginu Ölfus hófst átak til að fjölga leikskólakennurum árið 1999 en þá ákvað skólanefnd Þorlákshafnar að auka menntunarstig starfsfólks í leikskólanum Bergheimum. Hafa 13 starfsmenn leikskólans lokið leikskólakennaranámi frá aldamótum. Þetta hefur smitað út frá sér og árið 2014 voru samþykktar nýjar reglur um námsleyfi alls starfsfólks sveitarfélagsins. Sjá nánar: <http://fsl.ki.is/pages/2873/NewsID/4607> og <http://www.olfus.is/media/starfsmenn/Reglur-um-launud-namsleyfi-starfsmanna.pdf>.
- **Vopnafjarðarhreppur:** Vopnafjarðarhreppur hefur „framleitt“ leikskólakennara síðan 2003. Sjá nánar: <http://fsl.ki.is/pages/3993/NewsID/4699>.
- **Dalabyggð.** Vorið 2014 ákvað Sveitarfélagið Dalabyggð að styðja við bakið á nemendum sem fara í háskólanám í leikskólakennarafræðum. Sjá nánar: <http://www.skessuhorn.is/frettir/nr/187596/> og <http://www.dalabyggd.is/stjornsysla/samthykkirreglur/leikskolakennaranam/>.
- **Reykjanesbær.** Reykjanesbær stendur fyrir mörgum námskeiðum fyrir starfsfólk leikskóla og styður við leikskólakennaranema með því að greiða þeim laun í staðlotum.
- **Sveitarfélagið Árborg.** Sveitarfélagið Árborg hefur hvatt starfsfólk leikskóla til framhaldsnáms og hefur það haldið launum á meðan skólasókn stendur.
- **Hafnarfjarðarbær.** Fræðsluráð Hafnarfjaraðar samþykkti í febrúar 2015 að fara í aðgerðir til að auka menntunarstig starfsmanna í leikskólum sveitarfélagsins. Áætlað er að 10 m.kr. fari í verkefnið á árinu 2015 og 20 m.kr. á næsta ári. Sjá nánar: http://www.hafnarfjordur.is/thjonusta/frettir/markmidid-ad-auka-menntunarstig-starfsmanna-i-leikskolum?fb_action_ids=10206007133607798&fb_action_types=og.likes og fundargerðir fræðsluráðs frá 23. febrúar sl. <http://www.hafnarfjordur.is/stjornkerfi/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=1502008F> og frá 9. mars sl. <http://www.hafnarfjordur.is/stjornkerfi/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=1502024F>.
- **Reykjavíkurborg.** Á samráðsnefndarfundi leik- og grunnskóla, sem haldinn var 19. febrúar sl., kom fram að Reykjavíkurborg hefur átt samtál við FL og FSL og er að vinna að reglum er leitt gætu til 36-40 styrkja til náms í

leikskólakennarafræðum frá 1. ágúst nk. Áætlað er að borgin leggi 20 m.kr. í námsleyfi haustið 2015.

Sveitarfélög bera allan kostnað vegna yfirstandandi námskeiða við innleiðingu vinnumats s.s. vegna ferða- og námskeiðsgjalda (inni í þeim er m.a. kostnaður vegna fyrirlesara, aðstöðu og veitinga).

Sambandið telur að ræða þurfi hvort ekki sé tímabært að breyta fyrirkomulagi á fjármögnun starfsþróunarsjóða, sbr. tillögur og hugleiðingar til fagráðs í greinargerð vinnuhóps fagráðs um skýrsluna *Starfsþróun kennara – greining á sjóðaumhverfi*. Benda má á að í núverandi fyrirkomulagi er fólgin soun í formi stjórnkerfis sem er óþarft.

9. Að auki er æskilegt að fjallað verði um það sem kann að vera sérstaklega á döfinni varðandi málaflokkinn innan ykkar vébanda

Námskeið vegna innleiðingar vinnumats fyrir stjórnendur grunnskóla, fræðslustjóra og aðra sem koma að vinnumatinu, í samstarfi við SÍ og sveitarfélögin. Námskeiðin fara að mestu fram í mars og apríl 2015.

Skólaláning sambandsins um skólamál er fyrirhugað í byrjun nóvember 2015.

Námskeið fyrir nýjar skólanefndir sveitarfélaga hafa staðið yfir eftir áramót.

10. Jafnframt því að svara útfra eigin ranni er velkomið að greina í stuttu máli frá hugmyndum ykkar um það sama varðandi aðra hagsmunaaðila

Ábyrgðin á markvissri símenntun og starfsþróun kennara er allra, en ekki einkamál kennaramenntunarstofnana, stéttarfélaga, ríkis eða sveitarfélaga. Markmiðið ætti að vera að símenntun og starfsþróun styðji sem mest við framþróun í skólastarfi og auki sérfræðilekkingu starfsmanna á sviði náms og kennslu.

Háskólarnir (HA, HÍ, LHÍ) – starfsþróun þarf að vera hluti af lykilstarfsemi kennaramenntunarstofnana rétt eins og grunnmenntunin er.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið – ef fagråd um símenntun og starfsþróun kennara á að lifa og vera virkt þarf að fylgja fjármagn, vilji ráðuneytisins fyrir málefningu þarf að vera sýnilegur. Ráðuneytið þarf einnig að tryggja fjármagn til starfsþróunar.

Kennarasamband Íslands - félagsmenn bera ábyrgð á að viðhalda þekkingu sinni og færni t.d. með þátttöku á ráðstefnum, sí- og starfsþróunarnámskeiðum, viðurkenndu framhaldsnámi og með eigin starfsþróunaráætlun. Félagsmönnum ber einnig að fylgja starfsþróunaráætlun síns skóla á hverjum tíma og halda utan um þann tíma sem fer í starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Fagråd um símenntun og starfsþróun kennara á að sinna verkefnum sínum samkvæmt erindisbréfi, m.a. um stefnumótun, samráð, fjármögnun, yfirsýn yfir fjármagn, tryggja upplýsingaflæði, ýta undir faglegar rannsóknir og umræðu og leiða erlenda umræðu til Íslands. Afköst fagráðs þyrftu að vera meiri og öflugri.

11. Hlutverk, ábyrgð og skyldur Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélaga vegna starfsþróunar kennara, skólastjórnenda og annarra starfsmanna skóla

Á vinnufundi skólateymis sambandsins og skólamálanefndar sem fram fór í janúar 2014 var eftirfarandi tillaga gerð um hlutverk, ábyrgð og skyldur Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og hlutverk, ábyrgð og skyldur sveitarfélaga hins vegar vegna starfsþróunar kennara, skólastjórnenda og annarra starfsmanna skóla. Voru þessar tillögur kynntar á vörfundi Grunns í maí 2014.

Hlutverk, ábyrgð og skyldur Samband íslenskra sveitarfélaga

- Þátttaka í mótun og framfylgd stefnu um símenntun fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla.
- Miðla upplýsingum til sveitarfélaga um fjölbreytni í leiðum til símenntunar kennara og skólastjórnenda í leik-, grunn- og tónlistarskólum.
- Miðla upplýsingum til sveitarfélaga um ábyrgð þeirra á utanumhaldi símenntunar kennara og skólastjórnenda í leik-, grunn- og tónlistarskólum.
- Styðja við almenna þekkingu sveitarstjórnarmanna í skólamálum.
- Hvetja sveitarfélög til samstarfs um símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda í leik-, grunn- og tónlistarskólum.
- Taka virkan þátt í fagráði um símenntun og starfsþróun kennara.

Hlutverk, ábyrgð og skyldur sveitarfélaga

- Þátttaka í mótun og framfylgd stefnu um símenntun fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla.
- Gera starfsþróunaráætlun um símenntun og starfsþróun starfsfólks í leik-, grunn- og tónlistarskólum.
- Tryggja aðild skólastjórnenda og kennara að mótun og útfærslu stefnu um símenntun og starfsþróun starfsfólks leik-, grunn- og tónlistarskóla.
- Viðurkenna fjölbreyttar leiðir til símenntunar og starfsþróunar sbr. skilgreining fagráðs.
- Leggja sig fram um að tryggt sé fé til símenntunar og starfsþróunar starfsfólks leik-, grunn- og tónlistarskóla.
- Halda utan um símenntun kennara og skólastjórnenda í leik-, grunn- og tónlistarskólum.
- Skapa tækifæri fyrir starfsfólk leik-, grunn- og tónlistarskóla til að sækja námskeið/nám.
- Vinna að því að auka samstarf milli sveitarfélaga um símenntun og starfsþróun.
- Taka virkan þátt í fagráði um símenntun og starfsþróun kennara.